



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við opnun sýningar  
Blaðaljósmyndarafélags Íslands og  
Ljósmyndarafélags Íslands  
9. mars 2002**

Heiðruðu sýningargestir

Á undanförunum vikum hefur breska stórblaðið Sunday Times helgað fylgirit sitt ljósmyndum frá nýliðnum áratugum, birt sýnishorn af myndrænum forsíðum magasínsins frá þessum tíma og úrval ljósmynda sem minnir okkur á mannval og atburði fyrri ára.

Þegar þessum blöðum er flett birtist á skýran hátt áhrifarík túlkun ljósmyndarinnar á anda hverrar tíðar, stefnu og straumum sem móta mannlíf og tísku, viðhorfum og vegamótu í stjórnámálum og heimsþróun, kjarnanum í skilningi okkar á framvindu nútímans, skeiðsins sem mótað hefur okkur öll.

Ljósmyndin hefur á margan hátt orðið viðfang þeirrar túlkunar sem skörpust reynist. Þegar við greinum og skýrum atburði og inntak þróunarinnar þá nemur hugurinn iðulega staðar við myndir sem greyptar eru í minni okkar.

Við þekkjum öll dæmi um augnablikin sem ljósmyndarar gáfu eilíft líf með því að festa þau á filmu; myndirnar fá sjálfstæðan sess líkt og sögur og ljóð höfðu áður.

Íslenskir ljósmyndarar hafa á nýliðinni öld verið áhrifaríkir skrásetjarar á vettvangi þjóðarsögu, myndir þeirra mikilvægur vitnisburður um örlagaríka atburði, mannlíf og atvinnuhætti, menningu og siði. Þeir eru í reynd komnir í lið með Ara fróða, Snorra Sturlusyni, Árna Magnússyni, Jóni Espólín, Jóni Árnasyni og öðrum þeim sem á fyrri öldum færðu minnisverð tíðindi og þjóðlegan fróðleik í búning frásagna sem varðveittar voru frá einni kynslóð til annarrar eða forðuðu merkjum heimildum úr glatkistunni.

Það kann ýmsum að finnast að skörin sé heldur betur farin að færast upp í bekkinn þegar þeir ágætu félagar Gunnar, Golli, RAX, Þorkell, Ásdís, Einar, og aðrir úr hinni vösku sveit myndasmiða á okkar tímum eru settir á bekk með höfundum Íslendingabókar og Heimskringlu en tíminn einn mun leiða í ljós hvort myndir þeirra lifa jafn lengi og textinn sem skráður var á skinn í Reykholti forðum. En hitt er víst að skilningur okkar á sögu tuttugustu aldar og minningarnar um þá umbrotatíma yrðu ærið fátæklegar ef allt myndefnið væri numið á brott. Gildir þá einu hvort rætt er um heimsviðburði eða atburðarás hér heima. Ljósmyndirnar eru lykill að upplifun okkar og túlkun.

Við sjáum einnig á sýningunni hér í dag og hinum fyrri sem Blaðaljósmyndarafélag Íslands og Ljósmyndarafélag Íslands hafa efnt til hve skjótt augnablikin sem fest voru á filmu verða að þjóðarsögu. Myndirnar á hinum árlegu sýningum færa okkur heim sanninn um að hve tíminn er hraðfleygur fugl, hve fljótt atburðir dagsins verða að kaflaskilum, andartakið tákn um breytta tíma.

Á þennan hátt eru ljósmyndararnir önnur kafnir við að skrásetja samtímasögu og veita okkur nýja sýn á mannlíf og umhverfi með myndaröðum sem ögra okkur með túlkun sinni. Ár af ári vaxa myndasöfnin og við eigum nú fjársjóði í hirslum þeirra ljósmyndara sem á nýliðinni öld voru iðnir við að koma á vettvang. Það er vissulega brýnt að við tökum til umfjöllunar hvernig við varðveitum best þessar merku heimildir um þjóðlíf og sögu og hvernig við veitum nýjum kynslóðum aðgang að þessum reynslusjóðum.

Mig langar að varpa hér fram þeirri hugmynd að gefin verði út safnrit mynda frá liðinni öld, hvert rit t.d. helgað einum áratug, byrjað við lok aldarinnar og svo haldið aftur í tímann; efniviðurinn verði myndir úr söfnum fréttaljósmyndara, blaðaljósmyndara og annarra sem beindu linsunni að atburðum líðandi stundar. Markmiðið væri að túlka stefnur og strauma, inntak og áhrif, menn og málefni, atburði og örlög sem sérstaklega settu svip á hvern áratug og myndirnar látnar leiða lesendur til aukins skilnings líkt og textinn gerði í fornum sögum eða safnritum um fyrri aldir sem vinsæl urðu á sinni tíð.

Það væri verðugt verkefni fyrir félögin sem árlega efna til þessara fróðlegu og skemmtilegu sýninga að hlutast til um að þjóðin, ungar kynslóðir, skólar og menntastofnanir, fjölmiðlar og fræðasetur ættu greiðan aðgang að úrvali þess efnis sem geymt er í ljósmyndasöfnum frá nýliðinni öld eða í vinnustofum þeirra góðu ljósmyndara sem enn eru að verki. Jafnframt mætti þróa þann vef sem opnaður verður hér í dag á þann hátt að hann verði helgaður úrvali sams konar mynda og safna þar saman smátt og smátt myndrænni túlkun á því helsta sem sett hefur svip á okkar

tíma; gera heimasíðu ljósmyndanna að eins konar þjóðskjalasafni nýrrar tíðar. Það er mikill fjársjóður sem í þessum myndasöfnum er falinn og mikilvægt er að við finnum greiðar leiðir til að opna hann fyrir sem flestum.

Við sjáum hér í dag fjölmörg dæmi þess að enn er verið að auka þennan sjóð og efla og nýliðið ár varð íslenskum ljósmyndurum gjöfult, skóp þeim ærin tækifæri til að gera augnablikin að áhrifaríku tákni. Jafnframt er fagnaðarefni að fá að sjá hina skemmtilegu sýn Sigurðar Jökuls á berska herra manninn sem heimunirnn hefur reynt að skilja í aldir en fær nú loksins að birtast okkur í íslensku ljósi.

Ég óska ljósmyndurum til hamingju með að færa okkur enn á ný fróðlega og skemmtilega sýningu og með þeim orðum lýsi ég því yfir að sýningar Bládaljósmyndarafélags Íslands og Ljósmyndarafélags Íslands ásamt gestasýningu Sigurðar Jökuls Ólafssonar eru hér með formlega opnaðar.